10. Framhald af útbreiðslustarfseminni. Um ferðalög og starf Jóns Pálssonar í þágu Sjúkrasamlags Reykjavíkur.

---

2 blöð. Ófullgert.

Framhald af útbreiðslustarfseminni:

Í fyrra sumar fór ég til Ísafj. Sauðárkr. Siglufj. Akureyrar og Húsavíkur. Á Ísaf. og Húsavík eru saml. ekki til. Ég boðaði til funda á þessum stöðum og mættu þar flestir helztu menn kaupstaðanna, stjórnendur ýmissa félaga, læknar og bæjar- og sveitarstjórnir er kusu nefndir til þess að ræða málið og hrinda því áleiðis. Í sumar fór ég til Blönduós, Sauðárkróks, Siglufj. Akureyrar, Húsavíkur, Seyðisfj. Norðfj. Eskifj. og Reyðarfj. Þar sem saml. eru ekki til áður hafði ég sömu aðferð og árið áður og voru nefndir kosnar á þrem síðasttöldu fjörðunum og hefi ég beztu vonir um að á þeim öllum, svo og á Húsavík og Ísafirði verði saml. stofnuð jafnvel nú í haust, því í öllum þessum stöðum völdust áhugamestu mennirnir á hverjum stað fyrir sig í nefndirnar, og trúi ég ekki öðru, en að þeir gjöri allt hvað hægt er að stofna saml. hver hjá sér.

Jafnframt því að reyna að stofna ný samlög, hafði ég einnig það starf á hendi á þessum ferðalögum, að koma sambandi á milli allra samlaga í landinu og býst ég við að það komist á næsta vetur, en að því loknu, liggur næst fyrir hendi að koma sambandi á á milli þeirra og Sjúkrasamlagasambands Norðurlanda, sem einnig ætti að komast á næsta vetur.

Ég hefi farið margar ferðir til Eyrarb. og Stokkseyrar og ætla mér að fara innan skammst suður í Keflavík og upp á Akranes í sömu erindum.

11. Fyrstu berklavarnir á Íslandi
Athugasemd við ummæli í Morgunblaðinu 20. maí 1941. Fyrstu heiðursfélagar S.Í.B.S. Sigurður Magnússon og frú Kristín Vídalín Jacobsson.

1 blað fol. + Úrklippa úr Morgunblaðinu, 20. maí 1941

---

Ég hafði svo oft séð, ~~hvernig~~ að menn komu litlir unglingar og einstaklingar, sem engu
áttu að að hverfa ef eitthvað bjátaði á fyrir þeim, ~~átti~~ hvað heilsuna snerti, þó ekki aðri
nema nokkurra vikna lega eða lasleiki sem læknishjálpar og lyfja þurfti við, urðu
oft illa úti og áttu jafnvel engan aðra úrkosti en þá að fara á sveitina, en sá hins
vegar að þarna gæti e.t.v. verið hjálpræðið að fá með því að mynda félag, þar sem margir
menn stæðu saman um að veita hver öðrum hjálparhönd og þegar ég var orðinn með-
limur í I.O.O.F. reglunni varð ég ~~fljótt~~ fljótt þess var, að slík málefni lágu innan hennar
verkahrings að styðja sem áhugast að slíkri hjálpsemi og vinna eftir mætti að því að út-
rýma hvers kyns böli meðal almennings í kyrrþey og án allrar eigingirni: það var
í algjörlega í anda þessarar göfugu reglu og samkvæmt tilgangi hennar að koma slíkri starf-
semi á stofn sem Sj. saml. eru: að hjálpa öðrum fram úr örðugleikum lífsins með ráðum
og dáð, án nokkurrar vonar um hagnað fyrir nokkurn þann er að því starfi vildi vinna.
Því er það að stjórn saml. vinnur algjörlega kauplaust; því er það